

Múlaping
Vordís Svala Jónóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík 26. janúar 2021
UST202101-108/A.B.
09.04.06

Efni: Umsögn – Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt – Hvanná í Múlapingi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlapingis er barst 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skógræktaráform í landi Hvannár í Jökuldal í Múlapingi.

Í erindinu kemur fram að skógræktaráformin eru á um 65 ha svæði.

Náttúrulegur birkiskógur

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er innan framkvæmdasvæðisins vex náttúrulegur birkiskógur. Samkvæmt kortasjánni er núverandi hæð trjágróðurs 2-3 metrar og heildarþekja trjágróðurs hefur 20% krónuþekju. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktaráformin raski ekki náttúrulegum skógi.

Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar falla undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan framkvæmdasvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að skógræktaráformin geti raskað búsvæðum og vistgerðum með hátt verndargildi, sem eru mikilvæg fyrir mófugla og ábyrgðartegundir.

Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á að í 70. gr. laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um ræktun „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarmínum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktin hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og falli að svipmóti lands.


Innlendar

Í erindinu kemur ekki fram hvaða tegundum verður plantað, en Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að plantað sé fjölbreyttum trjátegundum, en með gróðursetningu á fjölbreyttum trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur